

Fiskeldi Austfjarða hf. (áður Laxar ehf.)
Strandgötu 18
735 Eskifirði

Reykjavík, 12.8.2024
UST202401-299/S.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar þann 25. júní 2024 - Fiskeldi Austfjarða, Bakka ID 272

Þann 25. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit hjá Fiskeldi Austfjarða, Bakka í Ölfusi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik er opið er varðar:

Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun heildarfosfórs var yfir mörkum starfsleyfis og aukning á sviföngnum í frárennsli er yfir mörkum starfsleyfis. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila átti að taka sýni hvern fjórðung ársins þar sem fosfór og TS á að mæla frá fiskimykju og skrá. Samkvæmt fulltrúum rekstraraðila hafa niðurstöður þessara mælinga ekki skilað sér til rekstraraðila og er frávikið því enn opið. Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri úrbótaáætlun varðandi ofangreint frávik

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila ber að skila til Umhverfisstofnunar niðurstöðum úr sýnatökumælingum frá frárennsli þegar þær berast rekstraraðila.
2. Rekstraraðila var bent á að reikna út fosfór- og niturlosun út frá sýnatökum og skila inn í ársyfirlitinu.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn niðurstöðum mælinga á losun niturs í ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30. maí 2023 og 4. september 2023.
3. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30. maí 2023 og 4. september 2023.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 30. ágúst n.k.

Virðingarfyllst

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur